

Ár 2011, laugardaginn 2. apríl er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið á Selfossi, af Ólafi Björnssyni dómara

Fyrir er tekið:

Mál nr. 1/2011

Skautafélag Reykjavíkur (SR)
gegn
Skautafélagi Akureyrar (SA)

Upp er kveðinn svohljóðandi

DÓMUR:

I.

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu SR með kærú á samt fylgigögnum dags. 7. mars s.l. og mótttekið sama dag af skrifstofu ÍSÍ. Aðilum var gefinn kostur á að tjá sig um kærúatriði. Greinargerð SA barst 15. apríl 2011 ásamt fylgigögnum. Dómari ákvað að málflutningur yrði skriflegur. Lögðu bæði kærandi og hið kærða félag fram svargreinargerðir, og barst grg SR ásamt fylgigögnum 18. mars 2011, en grg.SA 23. mars sl.

Sættir eru útilokaðar í þessu máli eins og það liggur fyrir.

II.

Kröfur kæranda eru eftirfarandi:

- a) Að mörk SA Víkinga í báðum leikjum þurrkist út og liðið tapi leikjunum skv. reglugerð nr. 3.1
- b) Að viðkomandi leikmaður, Joshua Gribben, verði dæmdur frá keppni og liðið í fjársekt skv. reglugerð ÍHÍ nr. 3.2 og 3.3.

Hið kærða félag mótmælir kröfum kæranda og krefst sýknu.

III.

Samkvæmt kærubréfi kveður kærandi málsatvik, röksemdir og lagarök vera eftirfarandi:

Leikmaður SA Víkinga í fyrrgreindum leikjum, Joshua Gribben, hafi ekki haft leikheimild til þátttöku í úrslitakeppni Íslandsmótsins í íshokki keppnistímabilið 2010-2011. Brotið hafi verið gegn Reglugerð ÍHÍ nr. 10.7.2 en samkvæmt henni þurfa erlendir leikmenn að spila að minnsta kosti einn leik í hverri umferð frá 1. nóvember til þess að teljast löglegir í úrslitakeppni um vorið. Viðurlög við broti skuli vera skv. reglugerð ÍHÍ nr. 3 um viðurlög við notkun ólöglegra leikmanna.

Röksemdir:

Kærandi segir að umræddur leikmaður og þjálfari SA Víkinga, Joshua Gribben, hafi

einungis spilað 5 leiki í deildarkeppninni frá 1. nóvember 2010 og til loka deildarkeppninnar þ.e á tímabilinu 28. desember 2010 til 22. janúar 2011. Þrjá leiki spilaði hann með SA Jötnum og tvo leiki með SA Víkingum. Liðin tvö spiluðu samanlagt 22 leiki á þessu tímabili. Engar upplýsingar liggja fyrir um að umræddur leikmaður hafi ekki verið leikfær á seinni hluta keppnistímabilsins og hann var ekki frá keppni vegna leikbanna. Hann er auk þess ekki með undanþágu frá ÍHÍ til þess að spila í úrslitakeppninni. Hann telst því ólöglegur í úrslitakeppninni samkvæmt reglugerð 10.7.2.

Leikina tvo í deildarkeppninni sem umræddur leikmaður spilaði með SA Víkingum spilaði hann gegn SA Jötnum. Hann spilaði enga leiki sem leikmaður SA Víkinga gegn SR eða Birninum í deildarkeppninni frá 1. nóvember.

Athygli skal vakin á því að umræddur leikmaður mætir ekki til leiks í fyrstu tveimur leikjum úrslitakeppninnar heldur einbeitir sér að því að stýra liðinu af bekknum. Það er ekki fyrr en í leik 3 (3. mars sl.), þegar SA hefur tapað fyrstu tveimur leikjum úrslitakeppninnar, og í leik 4 (6. mars) sem Joshua spilar með liðinu án þess að vera löglegur samkvæmt reglugerð 10.7.2. Leikmaðurinn tók fullan þátt í umræddum leikjum og hafði afgerandi áhrif.

Það er mat SR að SA sé fullkunnugt um að reglugerð 10.7.2 eigi ekki einungis við erlenda leikmenn sem koma gagnert til landsins til þess að spila heldur einnig þá erlenda leikmenn sem búa hér á landi allt árið um kring. Í því sambandi má benda á að SA sótti um sérstaka undanþágu fyrir sama leikmann á sl. keppnistímabili þegar hann gat ekki vegna sérstakra ástæðna uppfyllt skilyrðið um nægjanlega leikjafjölda. Það leyfi var veitt góðfúslega. Það er mat SR að aldrei hafi staðið til hjá SA að umræddur leikmaður myndi taka þátt í úrslitakeppninni að þessu sinni vegna:

1. Leikmaðurinn lék ekki nægjanlega fjölda leikja á tímabilinu þrátt fyrir að hafa haft tækifæri til þess.
2. SA tilkynnti ekki til ÍHÍ að umræddur leikmaður gæti ekki uppfyllt skilyrðið um tilsettan leikjafjölda vegna meiðsla, veikinda eða annarra ástæða.
3. SA sótti ekki um sérstaka undanþágu til ÍHÍ fyrir leikmanninn, líkt og þeir gerðu á sl. tímabili, sem þeir hefðu átt að gera ef leikmaðurinn gat ekki spilað af einhverjum ástæðum.

Sönnunargögn kæranda:

- a) *Leikskýrsla leiks SA og SR 3. mars 2011 og leiks SR og SA 6. mars 2011.*
- b) *Ljósrit af leikskýrslum SA Víkinga og SA Jötna frá 1. nóvember 2010 til 22. febrúar 2011.*
- c) *Ljósrit af viðeigandi reglugerðum*

IV.

Krafa Skautafélags Akureyrar (S.A) f.h. kærðu um synjun á kröfu kæranda er rökstudd á eftirfarandi hátt:

- 1) Leikmaður SA, Josh Gribben hefi verið og sé meiddur.
- 2) Enginn tilkynningarskylda um meiðsli sé til ÍHÍ í reglugerð.
- 3) Ekki þurfi að sækja um undanþágu vegna meiðsla leikmanna.

SA bendir á að tilgangur reglugerðar Íshökkísambands Íslands nr. 10.7.2 um gjaldgengi erlendra leikmanna í úrslitakeppni sé sá einn, að koma í veg fyrir að félög skrái leikmenn fyrir 1. nóv. ár hvert án þess að fá þá til landsins, og mæta svo með þá beint í úrslitakeppni. Ætlast sé til að leikmenn séu virkir þáttakendur og séu á landinu. Vísað er til reglugerða ÍHÍ og breytinga á þeim, en mikilvægt sé að hafa í huga að fjarvera vegna meiðsla eða leikbanna hefðu ekki áhrif á gjaldgengi þeirra í úrslitakeppni, enda gengi annað gegn tilgangi reglugerðarinnar.

SA leggur fram læknisvottorð til stuðnings því að Josh Gribben hafi verið meiddur, en hann hafi slasast á öxl í leik 2. okt. sl. Axlarmeisli sem þessi séu þrálát. Josh hafi ekkert spilað í tæpa 3 mán eftir óhappið. Hann hafi hinsvegar leikið í úrslitakeppninni þjáður og vafinn, eftir fortölur manna, enda vantaði SA sárlega leikmenn.

SA telur ljóst að enginn tilkynningarskylda sé til ÍHÍ um meiðsli leikmanna, og að ekki þurfi að sækja um undanþágu vegna meiðsla leikmanna. Hinsvegar þurfi að sækja um undanþágu ef einhver önnur og sérstakari tilvik komi upp, svo sem kom upp með þennan sama leikmann 2009

Til stuðnings máli sínu lagði SA fram 5 fylgiskjöl:

1. Fundargerð ÍHÍ frá 18. okt. 2009, (5. Dagskrárliður)
2. Fundargerð ÍHÍ frá 15. feb. 2010, (4. Dagskrárliður)
3. Fundargerð ÍHÍ frá 17. feb. 2009, (2. Dagskrárliður)
4. Afrit af tölvupósti framkvæmdastjóra ÍHÍ til stjórnar ÍHÍ.
5. Ljósmynd af Joshua Gribben eftir 5. leik í úrslitum.

V.

Aðilar lögðu báðir fram svargreinargerðir.

Komu þar fram eftirfarandi athugasemdir af hálfu kæranda SR í grg dags 18. mars 2011:

Meginregla reglugerðar ÍHÍ nr. 10.7.2

Meginregla reglugerðar ÍHÍ nr. 10.7.2 er mjög skýr að mati kæranda en samkvæmt henni verða erlendir leikmenn að spila að minnsta kosti einn leik í hverri umferð til þess að teljast löglegir í úrslitakeppninni. Skiptir þá engu hvort erlendir leikmenn búi hér á landi eða erlendis líkt og gefið er í skyn í greinargerð SA, enda er ekkert vísað til þess í reglugerðinni. Í því sambandi vill kærandi minna á undanþágu SA frá því í fyrra þegar sami leikmaður fékk undanþágu til þess að spila í úrslitakeppninni án þess að uppfylla meginreglu reglugerðarinnar. Skilningur félaganna á meginreglu reglugerðarinnar sé því augljóslega sá sami þótt annað sé gefið í skyn í greinargerð SA nú. Tilgangur reglugerðarinnar sé að koma í veg fyrir að lið mæti til leiks í úrslitakeppninni með erlenda leikmenn sem ekki hafa tekið þátt í leikjum liðsins í deildarkeppninni sem leikmenn eins og segir í reglugerðinni.

Í greinargerð SA sé vísað til máls frá því í janúar 2006 og því haldið fram að það sé sambærilegt við núverandi mál, en því er mótmælt af hálfu kæranda.

Athugasemdir kæranda vegna a-hluta greinargerðar SA

Í a-hluta greinargerðar SA var því haldið fram að Joshua Gribben hafi einungis spilað tvo leiki í deildarkeppninni eftir meiðsli sem hann hlaut 2. október í leik gegn Birninum og að leikir gegn sunnanliðunum hafi ekki verið inn í myndinni. Kærandi

telur þetta augljóslega rangt. Joshua hafi leikið með SA Jötnum gegn SR þann 18. janúar sl. (sjá fylgiskjal 1), gegn Birninum þann 21. janúar (sjá fylgiskjal 2) og gegn Birninum þann 22. janúar (sjá fylgiskjal 3). Umræddur leikmaður hafi því leikið 5 leiki á tímabilinu 28. desember til 22. janúar líkt og kemur fram í kærinni.

SA stillti upp tveimur liðum í vetur að sögn kæranda, Víkingum (a-lið) og Jötnum (b-lið), en færa mátti 4 leikmenn úr hvoru liði til þess að styrkja hitt liðið. Í úrslitakepninni sameinast síðan liðin í eitt lið ef annað þeirra vinnur sér rétt til þáttöku (reglugerð ÍHÍ nr. 14.4.3, sjá fylgiskjal 4).

Joshua Gribben var skráður leikmaður SA Jötna í deildarkepninni en mátti samkvæmt reglugerð 14.3.2 einnig spila með SA Víkingum. Vegna mistaka í gerð reglugerðarinnar gleymdist að taka það sérstaklega fram að ekki mætti færa leikmenn á milli SA liðanna tveggja í innbyrðis leikjum liðanna þótt skilningur stjórnar ÍHÍ hafi verið sá að tilflutningur leikmanna SA í innbyrðis leikjum væri ekki heimilaður. Þessi mistök hafi Joshua nýtt sér þegar hann færði sig og fleiri leikmenn úr SA Jötnum yfir til SA Víkinga í innbyrðis leikjum liðanna 28. desember og 4. janúar sl. til þess að koma í veg fyrir svipað „óhapp“ og átti sér stað 2. nóvember þegar SA Jötnar báru sigurorð af SA Víkingum.

Kærandi telur því augljóst að 28. desember hafði Joshua Gribben öðlast nægjanlega góða heilsu til þess að taka þátt í Íslandsmótinu og var leikfær frá því. Stjórn ÍHÍ leiðrétti síðan reglugerð 14.3.2 (sjá fylgiskjal 5) þannig að SA gæti ekki flutt leikmenn á milli liða í innbyrðis leikjum sínum og Joshua tók ekki þátt í síðustu tveimur innbyrðis leikjum liðanna dagana 1. febrúar og 22. febrúar þegar ekki var hægt að flytja leikmenn á milli liða líkt og áður. Því telur kærandi fullkomlega augljóst að Joshua Gribben var leikfær til þess að spila á Íslandsmótinu frá og með 28. desember en að hann hafi hreinlega valið að spila þegar það hentaði án tillits til reglugerðar 10.7.2. Kærandi bendir á að Joshua Gribben var með 13 stig (mörk + stoðsendingar) í umræddum 5 leikjum (sem telst frábær árangur).

Varðandi fylgiskjal 5 (ljósmynd af Joshua Gribben) sem fylgdi með greinargerðinni benda kærndur á að ísknattleikur er harður leikur og leikmenn eru jafnan lítilla laskaðir og aumur hér og þar. Það er ekkert nýtt. Algengt er að leikmenn teypi sig og vefji fyrir leiki til þess að verja aum svæði. Margir leikmenn SR hafa farið í gegnum hluta tímabilsins lítilla meiddir hér og þar og það fylgir íþróttinni líkt og mörgum öðrum íþróttagreinum. Umrædd ljósmynd geti því á engan hátt talist sönnun þess að leikmanninum hafi ekki verið unnt að uppfylla reglugerð 10.7.2. Þá er bent á að ljósmyndin sé tekin eftir að kærnan var send inn til ÍSÍ.

Kærndur benda á að umrædd ljósmynd sé eina skjalið sem lagt er fram með greinargerðinni sem eigi að sýna fram á það að umræddur leikmaður hafi ekki verið leikfær vegna meiðsla á seinni hluta tímabilsins. Með öðrum orðum þá séu engin marktæk gögn lögð fram með greinargerðinni til staðfestingar þess að leikmaðurinn hafi ekki verið leikfær frá og með 28. desember sl. Að auki eru engin gögn lögð fram sem sýna hvers eðlis meiðslin voru sem leikmaðurinn varð fyrir 2. október sl. Að lokum er gerð sú athugasemd við lið a úr greinargerðinni að SA heldur því þar fram að Joshua hafi mætt til leiks í þriðja leik liðanna í úrslitakepninni eingöngu vegna veikinda Andra Mikaelssonar. Kærandi bendir á að í öðrum leik liðanna, tveimur dögum áður, var fyrirliði SA og stigahæsti leikmaður liðsins, Jón B. Gíslason, frá

vegna veikinda en Joshua tók ekki þátt í þeim leik sem leikmaður. Er það mat SR að SA hafi augljóslega gert sér grein fyrir því að leikmaðurinn hafi ekki verið löglegur í úrslitakepninni og ekki viljað taka þá áhættu að láta hann spila fyrr en í þriðja leik liðanna þegar liðið mátti ekki við því að tapa fleiri leikjum.

Athugasemd vegna b-hluta greinargerðar SA

Varðandi b-lið greinargerðarinnar bendir kærandi á að reglugerð 10.7.2 á einungis við um erlenda leikmenn og því óþarft að hafa skráningu á meiddum leikmönnum. En þar sem reglugerð 10.7.2 er mjög sérstök að mörgu leyti liggur það í augum uppi að lið sem er með erlenda leikmenn á sínum snærum, sem geta ekki uppfyllt meginreglu reglugerðarinnar, verða að gera grein fyrir því ef leikmenn eru ekki að taka þátt í leikjum deildarkeppninnar vegna meiðsla en vilja vera gjaldgengir í úrslitakeppninni. Það getur í þessum tilvikum aldrei verið einkamál þess félags ef leikmaðurinn er meiddur því ÍHÍ þarf augljóslega að geta kallað eftir gögnum þess efnis ef einhver vafi leikur á. Ef umrætt félag hefur ekki fyrir því að senda tölvupóst og gera grein fyrir því afhverju leikmaðurinn er ekki að uppfylla meginreglu reglugerðarinnar hlýtur ÍHÍ og önnur félög að draga þá ályktun að leikmaðurinn ætli ekki að taka þátt í úrslitakepninni. Það er einmitt það sem gerðist nú og því kom það öllum í opna skjöldu þegar umræddur leikmaður tók þátt í þriðja leik liðanna sem leikmaður.

Athugasemd vegna c-hluta greinargerðar SA

Kærandi mótmælir því að hann misskilji nýjustu viðbót reglugerðar 10.7.2 og telur hana sjálfsagða og eðlilega til þess að koma til móts við erlenda leikmenn sem þurfa að taka sér frí af persónulegum ástæðum. Minnt var á undanþáguna frá því í fyrra til þess að benda á að meginregla reglugerðarinnar eigi við um alla erlenda leikmenn, einnig þá sem búa hér á landi.

Kærandi telur að SA hefði getað nýtt sér þetta ákvæði og sótt um leikheimild fyrir leikmanninn, þar sem engar upplýsingar lágu fyrir um ástæður þess að hann spilaði ekki nægjanlega fjölda leikja eftir að hann snýr til baka frá þeim meiðslum sem hann varð fyrir 2. október samkvæmt greinargerðinni.

Það sé með öllu óskiljanlegt að SA hafi sýnt af sér þvílíkt kæruleysi ef til stóð að umræddur leikmaður ætlaði að taka þátt í úrslitakepninni sem leikmaður. Það er því mat SR að leikmaðurinn hafi aldrei ætlað að taka þátt í úrslitakeppninni sem leikmaður og því sýndi SA enga viðleitni til þess að tryggja það að leikmaðurinn hefði leikheimild.

Að lokum má bæta því við að íslenski ísknattleiksheimurinn, ef svo má að orði komast, er mjög lítill og flestir sem að honum koma þekkjast vel og ræða saman reglulega. Joshua Gribben er til að mynda ekki einungis þjálfari SA heldur einnig þjálfari U20 ára landsliðs Íslands þar sem SR á nokkra fulltrúa. Fram hefur komið marg oft í samtölum fulltrúa félaganna og ÍHÍ í vetur að Joshua vilji frekar einbeita sér að þjálfun SA og stjórn liðsins á bekknum en að spila með liðinu sem leikmaður. Það skýri fullkomlega þá staðreynd að hann sá ekki ástæðu til þess að uppfylla meginreglu reglugerðarinnar þrátt fyrir að hafa haft til þess næg tækifæri. Joshua var auk þess í þeirri einkennilegri stöðu að geta spilað með tveimur liðum í 4 liða deild og hafði því tvöfalt fleiri möguleika á að uppfylla meginreglu reglugerðarinnar heldur en til að mynda erlendi leikmaður SR.

Fylgiskjöl af hálfu kæranda:

1. Leikskýrsla frá leik SR gegn SA Jötnar þann 18. janúar.
2. Leikskýrsla frá leik Björninn gegn SA Jötnar þann 21. janúar.
3. Leikskýrsla frá leik Björninn gegn SA Jötnar þann 22. janúar.
4. Reglugerð ÍHÍ nr. 14.
5. Fundargerð stjórnar ÍHÍ frá 31. janúar sl.

Svargreinargerð frá hinu kærða félagi SA barst 23. mars sl.:

Kærði ítrekar að Reglugerðir um félagaskipti erlendra leikmanna hafa tilgang. Tilgangur reglugerðar 10.7.2 sé sá að félög geti ekki komið með óvænt útspil í úrslitakeppni, og án þess að hafa tekið á sig þá skuldbindingu að halda úti erlendum leikmanni í heilt tímabil. Reglan hafi verið sett eftir að Skautafélagið Björninn mætti með 6 erlenda leikmenn í síðasta leik fyrir úrslit árið 2001. Sú staða var þar komin upp að ódýrara var að flytja inn nokkra leikmenn beint í úrslit og halda þeim uppi í eina viku, heldur en að undirgangast þá skuldbindingu og kostað sem fylgir því að hafa einn eða tvo erlenda leikmenn sem hluta af liði frá upphafi tímabils til enda. Í þeim eina tilgangi var ofangreind regla sett.

Kærði bendir á að Joshua Gribben hefur búið hér á Íslandi í 3 ár og verið leikmaður með Skautafélagi Akureyrar allan tímann og keypt hefur verið fyrir hann leikheimild öll þrjú tímabilin. Hann hefur þann tíma spilað alla leiki fyrir utan þá leiki sem hann hefur verið meiddur eða í leikbanni.

Vísað var í dómsmálið í janúar 2006 af hálfu kærða til þess að undirstrika tilgang reglugerðarinnar að hálfu ÍHÍ, því að í dómsorði var látið að því liggja að missti leikmaður úr leiki vegna leikbanna myndi það hafa áhrif á gjaldgengi hans í úrslitakeppni. Í framhaldi þessa máls ákvað stjórn ÍHÍ, að breyta reglugerðinni og gera það skýrt að fjarvera vegna leikbanna og meiðsla hefði ekki áhrif á gjaldgengi erlendra leikmanna til þátttöku í úrslitakeppni. Frá árinu 2006 – 2010 endaði reglugerðin á þessum orðum líkt og sjá má á tölvupóstum sem fylgdu fyrri greinargerð þar sem glögglega má sjá hvernig reglugerðin var fyrir síðustu breytingar. Eftir þessu hefur verið farið síðan og ef erlendir leikmenn hafa misst úr leiki vegna leikbanna eða meiðsla hefur ekkert eftirlit verið með því svo lengi sem þeir hafa verið þátttakendur með sínum liðum. Því til staðfestingar megi vísa á ÍHÍ en þar hefur aldrei verið haldin skrá um meiðsli leikmanna síðan þetta ákvæði var sett í reglugerð.

Tilkynningarskylda sú sem kærandi telur að sé til staðar, hefur að mati kærða aldrei borið á góma í hreyfingunni fyrr en í þessu deilumáli. Hvergi í reglum ÍHÍ eða í fundargerðum ÍHÍ sé getið um tilkynningarskyldu um meiðsli, enda er þetta eitt af þeim atriðum sem afgreiðir sig sjálf, þ.e.a.s. ekkert félag myndi hafa fyrir því að fá til sín erlendan leikmann til að styrkja sitt lið og halda honum svo fyrir utan ísinn að ósekju. Hví skyldi félag ekki nota einn sinn sterkasta leikmann í jafnri og spennandi undankeppni?

Varðandi undanþáguákvæðið þá telur kærði það mjög skýrt í þeim gögnum sem lögð voru fram um það af hverju það undanþágu ákvæði var sett inn í reglugerðina og hefur það ekkert með leikbönn eða meiðsli leikmanna að gera. Það kemur fram í bókun formanns ÍHÍ hví undanþáguákvæðið var sett inn og var það einungis vegna þessara sérstöku aðstæðna sem komu upp. Ef sækja þyrfti sérstaklega um undanþágu vegna fjarvegu vegna meiðsla eða leikbanna, þá væri ekki krafa um samhljóða samþykkt allra stjórnarmanna.

Reglugerðarbreyting á reglu 14.3.2 er þessu máli óviðkomandi að mati kærða.

Varðandi fjölda leikja sem Joshua Gribben spilaði þá er það viðurkennt af hálfu kærða það sem kærandi hélt fram. Þar sé um að ræða yfirsjón hjá forsvarsmönnum kærða og Joshua en við yfirferð málsins talaði hann um að hann hefði, eins og hann orðaði það „played couple of games around the new years“ og var það túlkað svo að það ætti við um þessa tvo leiki sem vísað var í.

Það breytir ekki þeirri staðreynd, að mati kærða, að Joshua var meiddur og kom þarna til baka eftir tæplega þriggja mánaða fjarveru og endurhæfingu, spilaði nokkra leiki á þessu tímabili en varð að hætta aftur vegna þessara meiðsla. Kærði reiknaði ekki með því að Joshua yrði keppnisfær á þessu tímabili en hann fékk sjúkraþjálfun og sjúkraþjálfara teypuðu hann í úrslitaleikjunum og það hafa þeir vottað. Kærði fékk m.a. sjúkraþjálfara til að koma sérstaklega í Laugardalinn og teypa leikmanninn fyrir 4. leikinn sem þar fór fram.

Að lokum ítrekar kærði að Josh hefði spilað alla leiki í vetur og þ.m.t. úrslitakeppnina hefði hann haft heilsu til, til þess var hann m.a. ráðinn til félagsins. Meðfylgjandi viðbótargreinargerð kærða fylgdi vottorð frá lækni á slysadeild sem staðfesti að hann er meiddur nú, og var meiddur þá. Jafnframt leggur kærði fram vottorð frá sjúkraþjálfurunum sem staðfesta meðferðina og var það skrifað inn á beiðnina frá lækni um sjúkraþjálfun.

VI. Niðurstaða

Mál þetta varðar einkum ágreining um það hvort kærða, SA hafi borið að tilkynna um veikindi leikmannsins Joshua Gribben, og í framhaldinu sækja um undanþágu til stjórnar ÍHÍ, frá því skilyrði reglugerðar nr 10 um félagaskipti, grein 10.7.2. að erlendir leikmenn verði að leika a.m.k. einn leik í hverri umferð sem spiluð er fram að úrslitakeppni eftir 1. nóv. til að teljast gjaldgengur í úrslitakeppni. Ágreiningslaust er með aðilum að Joshua spilaði ekki í öllum umferðum fram að úrslitakeppni, en kærði heldur því fram að það hafi verið afsakanlegt vegna meiðsla, og hefur lagt fram læknisvottorð því til sönnunar.

Dómurinn felst á þau sjónarmið kærða að reglugerð ÍHÍ, nr. 10 um félagaskipti, grein 10.7.2. verði ekki skilin öðru vísi en svo, eftir orðanna hljóðan, að þó svo að erlendir leikmaður missi úr umferð vegna meiðsla eða leikbanns, og nái þar með ekki að spila leik í hverri umferð íslandsmótsins, þá sé hann engu að síður gjaldgengur í úrslitakeppnina. Lokaákvæði gr. 10.7.2 verður ekki skilin öðru vísi en svo að sækja þurfi um undanþágu til stjórnar ÍHÍ, frá megin reglu 10.7.2. gr, um að erlendir

leikmaður sé því aðeins gjaldgengur í úrslitakeppnina, að hann hafi leikið í öllum umferðum mótsins eftir 1 nóv. ef einhver önnur atvik en meiðsli eða leikbann, valda því að hann nær ekki að leika í hverri umferð.

Í þessu sambandi verður og að horfa til þess að umræddur leikmaður hefur verið búsettur hér í 3 ár, og er þjálfari í íshokki hér á landi. Fyrir liggur læknisvottorð um veikindi leikmannsins, sem eðlilegt er að lagt sé fram, sé þess krafist af hálfu þeirra er hagsmuna hafa að gæta. Hinsvegar verður ekki séð að að lagaskilyrði liggi til þess að slíkt vottorð sé lagt fram áður en leikur fer fram.

Niðurstaða málsins er því sú að taka beri til greina sýknukröfu kærða, SA.


DÓMSORÐ:

Hið kærða félag, SA, er sýkna af öllum kröfum kæranda í máli þessu.

Upplesið í réttinum að aðilum fjarstöddum.

Þannig fram farið.

Selfossi 2. apríl 2011


Ólafur Björnsson dómari
(sign.)

Um áfrýjun:

Heimilt er að skjóta dómi þessum til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, og er áfrýjunarfrestur til áfrýjunardómstólsins ein vika frá því aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu þess, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að framangreindur dómur var kveðinn upp.